

GEÐ- OG HEGÐUNARRASKANIR

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingar séu vakandi yfir hegðun og líðan nemenda. Finna þá nemendur sem eiga í geðrænum vanda og nýta viðeigandi úrræði innan og utan skóla og heilsugæslu til að koma til móts við þarfir hvers barns.

Stuðla að því að barn fái rétta greiningu og úrræði:

Hægt er að vísa börnum í nánari greiningu á Þroska- og hegðunarstöð þegar frumgreining hefur sýnt sterkar vísbendingar um athyglisbrest, ofvirkni og skyld frávik sem birtast í hegðun og/eða líðan barna. Gerðar eru sérstakar athuganir og upplýsinga aflað frá foreldrum og kennurum til að skera úr um tilvist og eðli raskana á hegðunarsviði. Í kjölfar greiningar býðst foreldrum ráðgjöf og sérstök námskeið, auk þess sem hlutast er til um að barnið fái viðhlítandi þjónustu í skóla og nærumhverfi, m.a. með myndun sérstaks stuðningsteymis fyrir barnið. Í sumum tilfellum getur þurft að vísa börnum áfram í sérhæfðara úrræði, s.s. Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL).

Tekið er við tilvísunum frá heilbrigðisstarfsfólki á höfuðborgarsvæðinu sem tengist málefnum 0-9 ára barna, en einnig má vísa frá öðrum svæðum ef sýnt þykir að ekki sé mögulegt að fá sambærilega þjónustu á heimaslóðum. Í óvissutilfellum geta heilsugæslustöðvar og aðrar stofnanir innan og utan höfuðborgarsvæðisins leitað ráðgjafar á Þroska- og hegðunarstöð.

Allar beiðnir um greiningu þurfa að berast á sérstökum tilvísunareyðublöðum. Þeir sem hafa aðgang að SÖGU-3 sjúkraskrárkerfinu nota tilvísunareyðublað sem þar er. Aðrir tilvísendur nota tilvísunareyðublað sem hægt er að nálgast [hér](#) ásamt [leyfi til foreldra](#).

Eftirfarandi gögn skulu fylgja tilvísun:

- Skriflegt leyfi foreldra á þar til gerðu eyðublaði
- Útfylltir spurningalistar ADHD og SDQ fyrir viðeigandi aldur og kyn.

Hér má finna eftirfarandi lista:

- ADHD fyrir stúlkur - [Spurningalisti](#)
- ADHD fyrir drengi - [Spurningalisti](#)
- SDQ fyrir foreldra barna 4-16 ára - [Spurningalisti](#)
- SDQ fyrir kennara barna 4-16 ára - [Spurningalisti](#)